

Alþingi  
Erindi nr. P 126/2211  
komudagur 2.5.2001



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

JHM/aa

Rvk. 02.05.2001

### Efni: Frumvarp til laga um atvinnuréttindi útlendinga, 624 mál heildarlög.

Samtökum atvinnulífsins (SA) hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um atvinnuréttindi útlendinga, 624 mál heildarlög, sem er endurskoðun á lögum nr. 133/1994 um atvinnuréttindi útlendinga.

Umsögn er skipt í tvennt. Fyrst eru gerðar almennar athugasemdir við frumvarpið og síðan athugasemdir við einstakar greinar.

#### Almennar athugasemdir.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að við samningu þess hafi verið tekið nokkurt mið af frumvarpi til laga um útlendinga, sem einnig sé til meðferðar á Alþingi. Dvalarleyfi og atvinnuleyfi séu nátengd þannig að nauðsynlegt hafi verið að taka tillit til framangreinds frumvarps.

SA tekur undir þau sjónarmið að dvalar- og atvinnuleyfi séu nátengd og beri að hafa það í huga við endurskoðun beggja laga. Þá sé vakin athygli á því að á Íslandi sé framkvæmd þessara mála nokkuð á annan veg en á hinum norðurlöndunum. Þar er veiting dvalar- og atvinnuleyfa útlendinga á hendi þess aðila sem fer með málefni útlendinga, en hér á landi koma tveir aðilar að málinu. Útlendingaæftirlit veitir dvalarleyfi en Vinnumálastofnun í umboði félagsmálaráðherra veitir atvinnuleyfi.

Þá má ekki veita útlendingi frá ríki utan EES svæðisins atvinnuleyfi nema viðkomandi hafi dvalarleyfi og leyfin verða að liggja fyrir áður en útlendingurinn kemur til landsins. Veldur það því óþarfa töfum á afgreiðslu mála að fjalla þurfi um umsókn í tveimur stofnunum í stað einnar eins og á hinum norðurlöndunum.

Væri því kjörið tækifæri, ef vilji væri fyrir því á Alþingi, að einfalda og samræma afgreiðslu þessara mála við það sem tíðkast á hinum norðurlöndunum.

Samtök atvinnulífsins leggja til að athugað verði gaumgæfilega hvort ekki væri skynsamlegt og hagkvæmt að gera viðeigandi breytingar á frumvörpunum og færa útgáfu dvalar- og atvinnuleyfa útlendinga á eina hendi.

#### Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Leyfi samkvæmt 2. tl. 3. gr. og 1. málslíð 7. gr. verði veitt einstaklingi en ekki atvinnurekanda. Samt sem áður væri hægt að binda gildi leyfisins við starf hjá ákveðnu fyrirtæki eða um ákveðið tímabil eins og gert er í norsku útlendingalögunum.

b. liður 1. mgr. 7. gr. verði felldur niður eða orðist svo: "að fyrir liggi afstaða samstarfsnefndar skv. 25. gr." Með stofnun Vinnumálastofnunar og svæðisvinnumiðlana 1997 breyttust aðstæður þannig að umsagnarréttur stéttarfélaga hafði ekki sömu þýðingu og áður þegar stéttarfélögin héldu utan um upplýsingar um þá sem voru atvinnulausir og í atvinnuleit á félagssvæði stéttarfélagsins.

Með miðlægu gagnavinnslukerfi Vinnumálastofnunar og úrvinnslu gagna um atvinnuástand og atvinnuleysi varð gjörbylting á því að fylgjast með þróun og breytingum á vinnumarkaði á einstökum svæðum og á landinu öllu. Þá var jafnframt ákveðið með lögum nr. 13/1997 um vinnumarkaðsaðgerðir að landið yrði eitt atvinnusvæði. Svæðisvinnumiðlanir eru allar samtengdar og hafa upplýsingar um þá sem eru í atvinnuleit á landinu öllu. Þá er það gert að skilyrði samkvæmt a. lið 1. mgr. 7. gr. að leitað sé til svæðisvinnumiðlunar og gengið sé úr skugga um það að ekki sé hægt að útvega vinnuafli frá öðrum stöðum innan lands áður en veitt er heimild til að flytja inn vinnuafli.

Umsögn stéttarfélags ræðst af aðstæðum á félagssvæði stéttarfélagsins en skv. a. lið 1. mgr. 7. gr. skal athuga atvinnuástand á landinu öllu. Er því eðlilegt með tilliti til framangreinds að umsagnarréttur verði annað hvort felldur niður eða færður til samstarfsnefndar skv. 25. gr. þar sem í samstarfsnefndinni eigi sæti fulltrúar heildarsamtaka launamanna auk fulltrúa samtaka atvinnurekenda, útlendingastofu og Vinnumálastofnunar.

d. liður 1. mgr. 7. gr. orðist svo: "að staðfest sé að erlendur starfsmaður sé sjúkratryggður vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann verður fyrir á biðtíma eftir rétti samkvæmt ákvæðum laga um almannatryggingar." SA telur eðlilegt að upplýst sé að erlendur starfsmaður sé sjúkratryggður á biðtíma eftir tryggingavernd skv. lögum um almannatryggingar en leggst gegn því að í lögnum sé ákveðið hver skuli bera kostnaðinn. Um það færi samkvæmt samkomulagi hverju sinni. Þá tengist þetta ákvæði f.lið greinarinnar um að fyrir skuli liggja fullnægjandi heilbrigðisvottorð.

Liggi það fyrir að útlendingurinn sé heilbrigður þegar hann kemur til landsins þá ætti einungis að vera um að ræða tryggingu á greiðslu læknishjálpar eða sjúkrahússvistar vegna sjúkdóms eða meiðsla sem starfsmaður verður fyrir eftir að hann kemur til Íslands. Þyrfti útlendingur hins vegar að leita læknishjálpar vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann hefur orðið fyrir áður en hann kom til Íslands þá væri allsendis óeðlilegt að ætlast til þess að íslenskur atvinnurekandi tryggði hann fyrir því. Er því eindregið lagt til að ákvæðinu verði breytt á þann veg að tryggt sé að gengið sé frá þessum málum áður en útlendingurinn fær útgefið atvinnuleyfi, en það sé mál milli hans og verðandi vinnuveitanda hvernig það verði leyst.

SA telur að fella eigi niður V. kafla um samráðsnefnd Vinnumálastofnunar og Útlendingastofnunar sem væri óþörf og í staðinn komi samstarfsnefnd samkvæmt breyttri 25. gr.

Samstarfsnefnd skv. 25. gr. verði skipuð fulltrúum Vinnumálastofnunar, Útlendingastofnunar, Alpýðusambands Íslands, Samtaka opinberra starfsmanna, Samtaka atvinnulífsins og Starfsmannaskrifstofu ríkisins. Ráðherra skipi formann án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Hlutverk samstarfsnefndar verði:


- Að samþykkja stefnumörkun um útgáfu atvinnuleyfa fyrir eitt ár í senn.
- Að fjalla um álitamál varðandi útgáfu atvinnuleyfa.
- Að fjalla um beiðnir um atvinnuleyfi fyrir hópa útlendinga.
- Að fjalla um ágreiningsmál vegna útgáfu atvinnuleyfa.

Þegar litið er til reynslu undanfarinna ára og ágreiningsmála sem upp hafa komið verður að telja að ástæða sé til að finna leiðir til að slíkt endurtaki sig ekki. Er því lagt til að stofnuð verði samstarfsnefnd stofnana, stéttarféлага og atvinnurekenda sem gæti orðið til að auka skilvirkni og draga úr líkum á því að upp komi ágreiningsmál.

Samstarfsnefnd myndi leysa af hólmi samráðsnefnd Útlendingastofu og Vinnumálastofnunar og koma í stað umsagnar stéttarféлага. Með því myndi tryggt samræmi í afgreiðslu mála.

Samtök atvinnulífsins vænta þess að tekið verði tillit til framangreindra ábendinga og athugasemda. Gerðar verði viðeigandi breytingar, á frumvörpum til útlendingalaga og laga um atvinnuréttindi útlendinga, sem miði að því að gera þjónustuna skilvirkari og tryggja samræmi í framkvæmd.

Virðingarfyllst,

  
Jón H. Magnússon